

## Fundargerð Háskólaráðs 15.maí 2019

### Staðsetning: Meistarastofa kl. 14:00

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor , Stefán Kalmansson gæðastjóri , Dagný Kristinsdóttir kennslustjóri , Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Jón Snorri Snorrason staðgengill deildarforseta viðskiptafræðideildar, Hafdís fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar fulltrúi grunnema,

Áheyrnarfulltrúi: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri

#### Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Engar athugasemdir borist. Skoðast því samþykkt.

**2. Fjármál – 3 mánaða yfirlit**

HS fer yfir þriggja mánaða yfirlit.

**3. Staða umsókna fyrir haustönn**

VS fer yfir fjölda umsókna. Umsóknarfrestur um nám í meistaranámi rennur út í kvöld. Í grunnnámi voru komnar inn 67 umsóknir, 4 í opinberri stjórnsýslu, 12 í viðskiptalögfræði. Stefnir í að umsóknir í grunnám verði fleiri en á sama tíma í fyrra.

Stefnir í að 30 skiptinemar komi í haust, 4 eru á biðlista.

Verið að ljúka markaðsherferð fyrir meistarnám, en sú herferð hefur skilað auknum fjölda umsókna, bæði fyrir meistarnám og grunnám. Markaðsherferð Háskólagáttar hefur breyst, fókuserað á Reykjanes, Vesturland og Vestfirði.

**4. Gæðamál**

SK fer yfir gæðaskjöl. Endurskoðun á stefnu skólans og handbókum, gæðamál, nám og þjónustustefna, kennslustefna og alþjóðamál. Ekki mikið um efnislegar breytingar, frekar uppfærsla. Skjalastefna skólans hefur verið tekin í gegn og tekið talsverðum efnislegum breytingum.

Síðareglur voru skrifaðar upp á nýtt. Síðanefnd HB hefur verið skipuð en í henni sitja utanaðkomandi aðilar.

Jafnréttisnefnd endurskoðaði jafnréttisáætlun.

Verið er að vinna í jafnlaunavottun skólans.

Rætt um endurskoðunartíma, gott að fara í gegnum skjölin á þriggja ára fresti.

4 handbækur voru kynntar í mars. Búið að senda þær út í tvígang.

Í handbók um nám og kennslu verður viðbót um verklagsreglur um ritstuld.

Handbók um misserisverkefni á eftir að yfirfara. Rætt um val nemenda á misserisverkefnum. Að þessu sinni voru mörg verkefni algerlega utan þeirra náms.

Rætt um stofnanaskýrslu og gæðavinnu sem fer fram í haust. Mikilvægt að fá aðkomu nemenda.

## 5. Önnur mál

### Misserisverkefni.

1. Svo virðist sem ekki komist til skila hvernig verkefnið er unnið. Nýir kennarar voru, að mati nemenda, ekki með reglurnar á hreinu. Benda þarf betur á handbók um misserisverkefni og ábyrgð nemenda að kynna sér hana. Ábending um að misserisverkefnin séu ekki kynnt nógu vel, t.d. haft samband við fjölmiðla þar sem þetta er á besta tíma fyrir skólann, umsóknarfrestir opnir og mikil markaðsherferð í gangi. Rætt um að kynning á misserisverkefnum verði á nýnemadögum í ágúst. Rætt um að byrja fyrr að kynna verkefnið fyrir nemendum, t.d. á vinnuhelgum yfir allan veturinn. Verkefnisstjórnun misserisverkefna – þarf að skýra betur út fyrir nemendum. T.d. hafa stutta fyrirlestra með leiðbeiningum.
  - a) Vinnudagur, viku fyrir missó, t.d. vinnuhelgar dagur. Allir hóaðir á staðinn, leiðbeinendur á staðinn.
  - b) Uppskeruhátíð. Halda hana í Reykjavík? Gæti það aukið stemninguna?
  - c) Viðurkenningar í uppskeruhátíð. Marka ramma um viðurkenningarskjöl t.d. um hæstu einkunn í hvorri deild.
2. Rætt um aðkomu nemenda að stórum verkefnum, t.d. skýrslum sem skólinn þarf að vinna að. Kynntar hugmyndir að umbun til nemenda.
3. Rætt um kennslumat og það hvernig samskipti nemenda og kennslusviðs er háttað. Kennslustjóri leggur áherslu á að nemendur sendi erindi á kennslusvið ef þeir hafa einhverjar athugasemdir um kennslu eða aðra starfshætti skólans, að öðru kosti er ekki hægt að bæta skólastarfið.
4. LÍN  
Virðist ekki veita lán fyrir skólagjöldum sumarannar. Nemendur fá framfærslu fyrir sumarönn en ekki skólagjöld.  
*Innskot fundarritara eftir athugun:* Lín veitir skólagjaldalán á sumarönn. Nemendur þurfa að senda annað hvort reikning fyrir skólagjöldum eða staðfestingu frá skóla til Lín.

Fundi slitið kl 15.42

Dagný Kristinsdóttir kennslustjóri ritaði fundargerð